



Sjálfsmatsskýrsla Stekkjarás



Skólaárið 2015 – 2016 endurmetið

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur.....	2
Viðhorfskönnun meðal foreldra - Skólapúlsinn.....	2
Mat barna	3
Starfsmannasamtöl - Viðhorfskönnun starfsmenn	4
Starfsmenn - niðurstaða umræðuhópa.	5
Samantekt úr umræðunni um aldursblöndun:.....	5
Samantekt úr umræðunni um útinámið:.....	5
Samantekt úr umræðunni um verkefnisstjóra í skapandi starfi:.....	5
Starfsmenn – viðhorfskönnun ”Líðan, heilsa og starfstengd viðhorf”	6
Starfsmenn - fundir og skipulagsdagar	6
Símenntunaráætlun skólaársins 2015 -2016 endurmetin	7
Endurmat sérkennslustjóra á sérkennslunni.....	9
Endurmat verkefnastjóra í skapandi starfi á verkefnisstjorastöðunni	10
Framfylgni úrbótaáætlunar í kjölfar mats skólaársins 2015-2016	11
Samantekt.....	14
Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2016-2017.....	14

Inngangur

Þessi sjálfsmatskýrsla tekur til skólaársins 2015-16. Það sem helst hefur einkennt starf skólans og haft áhrif á rekstur hans er sú staðreynd að ekki tókst að fylla í öll laus pláss. Það voru því færri nemendur í leikskólanum þetta skólaár en starfsáætlunin gerði ráð fyrir og hafði það áhrif á starfsmannafjölda. Vandi var að manna í stuðningstöðu hjá barni sem þurfti mjög sértæka aðstoð en því var bjargað með því að gera breytingu á stöðu verkefnisstjóra í skapandi starfi, sú staða var minnkuð og í staðinn tók hann að sér að sjá um stuðninginn með þessu barni að hluta. Auk þess sem hann tók að sér að styðja við kvótaflóttabarn sem byrjaði í apríl 2016. Þessi breyting hafði áhrif til hins verra á verkefnisstjórstöðuna en hún varð þessu barni til bjargar því mikill árangur náðist með það. Lítil starfsmannavelta var á skólaárinu. Nýr aðstoðarleikskólastjóri tók til starfa í upphafi skólaárs og nýr deildastjóri tók við á Fífu í september og leysti þar deildastjóra sem fór í fæðingarorlof. Einn starfsmaður hætti á vormánuðum en í staðinn kom starfsmaður úr fæðingarorlofi. Einnig var sú nýjung vegna ákvarðanna bæjaryfirvalda að inntaka á börnum átti að fara fram 1. febrúar 2016 og þá átti að bjóða börnum fæddum mars og apríl 2014 pláss. Erfiðlega gekk að fá inn börn þar sem foreldrar vildu í einhverjum tilfellum að barnið þeirra byrjaði bara næsta haust en inn komu nokkur börn fædd 2015 á forgangi en þau komu á mismunandi tímum á vorönn. Gert hafði verið ráð fyrir þessum börnum á Álfheimum þannig að þar voru nánast með börn í aðlögun alla vorönnina sem reyndis erfitt vegna þess að grátur nýju barnanna hafði áhrif á líðan þeirra sem fyrir eru. Innleiðing Hafnarfjarðarbæjar á læsisverkefninu setti einnig nokkurn svip á skipulag og framkvæmd kennslu á skólaárinu ekki síst vegna óvissu á fjárstuðningi yfirvalda við verkefnið út í skólunum. Michelle, verkefnisstjórinn í skapandi starfi gerði viðhorfskönnun meðal elstubarnanna, sérkennslustjórinn lagði mat á sitt starf, verkefnisstjórinn í skapandi starfi lagði mat á sitt starf og leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru yfir umbóta- verkefnislistann sem settur var fram í starfsáætlun fyrir skólaárið 2015 -2016. Starfsmenn tóku þátt í viðhorfskönnun sem byggði á spurningum úr ECERs kvarðanum. Starfið var auk þess metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum samráðsteymis leikskólans. Auk þess sem ákveðið mat fór fram í starfsmannasamtölum sem tekin voru á vorönn. Varðandi ytra mat þá stendur skólaskrifstofan fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár og starfsmannakönnun hitt árið og hefur gert samning við Skólapúlsinn til að sjá um þessar kannanir. Í ár sendi Skólapúlsinn út viðhorfskönnun til foreldra þann 1. mars 2016. Einnig fór fram viðhorfskönnun meðal starfsmann sem bar yfirskriftina „Líðan, heilsa og starfstengd viðhorf“. Hún var gerð í lok árs 2015 og var það Hjördís Sigursteinsdóttir stóð fyrir henni en hún hafði heimild og var í samstarfi við Hafnarfjarðarbæjar. Skýrsluna tóku þau saman Sverrir aðstoðarleikskólastjóri og Alda Agnes leikskólastjóri.

Viðhorfskönnun meðal foreldra - Skólapúlsinn

Skólapúlsinn sendi út viðhorfskönnun til foreldra þann 1. mars og höfðu foreldrar mánuð til að svara. Til að ná marktækri niðurstöðu var markmið að ná yfir 80% svörun frá foreldrum. Það tókst og í heildina má segja að almenn ánægja sé meðal foreldra með starf skólans. Hinsvegar er ekki hægt að fara í mjög greinandi athugun á niðurstöðum einstakra þátta vegna þess hve fá svör lágu að baki marga spurninganna og þar af leiðandi eru ekki hægt að fá marktæka niðurstöðu í hvern þátt. Leikskólastjóri fór á fund í maí 2016 þar sem farið var yfir þætti í þessari viðhorfskönnun sem fara meiga betur svo hægt sé að nýta sér niðurstöðurnar en svo virðist sem fólk opni viðhorfskönnunina, rennir yfir spurningarnar, svarar nokkrum en alls ekki öllum undirspurningum sem verður til þess að heildar þátttaka mælist yfir 80% en flestallir undirþættir voru með minn en 50% svörun.

Umbótarverkefni:

- Að setja sig í samband við Skólapúlsinn og koma þessum athugasemdum á framfæri og aðstoða þá til að útbúa könnun sem virkar og fær fram gott svarhlutfall.

Mat barna

Viðhorfkönnun meðal elstubarnanna var gerð í maí og júní byrjun. Michelle verkefnisstjórinn í skipandi starfi sá um að leggja könnunina fyrir börnin. 33 elstu börn leikskólans af 46 tóku þátt í könnuninni og var ástæðan fyrir því að ekki náðist að spyrja þau öll, tímaskortur. Notast var við gömlu broskalla viðhorfskönnunina en eftir nokkar tilraunir til að finna nýjar leiðir í mati með börnum virðist okkur þessu aðferð best. Bætt var við spurningum um skógarferðirnar og kórinn (elstu börn leikskólans mynda kór) við fyrri könnun. Reyndar lagði Michelle áherslu á að fá fram hvernig þeim þætti þau atriðið sem vegið er frekar en að gefa fullyrðingunum vægi, t.d. spyr hún frekar: hvernig líður þér í leikskólanum í staðinn fyrir að gefa fullyrðingunni „mér líður vel í leikskólanum“ vægi. Niðurstöður í þessari viðhorfskönnun er mjög sambærileg þeim niðurstöðum sem hafa komið fram í hvert skifti sem hún hefur verið framkvæmd í gegnum árin. Það er spurning hvernig við vinnum með þau atriði sem fá mest „aldrei“. Gaman saman og hvíld eru á botninum með um 30% barnanna sem finnst ekki gaman. Áfram er tilfinning barnanna fyrir því að þau ráði einhverju ekki afgerandi sterk en um 21 % barnanna segjast aldrei ráða hvað þau gera í leikskólanum þetta er þó heldur betri útkoma en oft áður.


	Já	Stundum	Nei	% já	% stun	% nei
Mér líður vel í leikskólanum	25	8	0	33	76	0
Það er gaman að koma í leikskólann	19	12	2	33	58	6
Kennararnir eru góðir við mig	21	12		33	64	0
Það er gaman í samverustund	18	10	5	33	55	15
Krakkarnir í leikskólanum eru vinir mínir	16	17		33	48	0
Ég fæ stundum að ráða hvað við gerum í leikskólanum	6	20	7	33	18	21
Það er gaman úti í leikskólanum	24	9		33	73	0
Það er nóg af leikföngum í leikskólanum	20	7	6	33	61	18
Það er gaman að fara í salinn	26	7		33	79	0
Það er gaman að fara í Straum og Flæði	21	11	1	33	64	3
Það er gaman að fara í „gaman saman“	12	10	11	33	36	30
Maturinn í Stekkjarási er góður	16	17		33	48	0
Það er gott að fara í hvíld	11	12	10	33	33	36
Það er gaman að leika sér í einingakubbunum	14	13	6	33	42	18
Það er gaman að leika sér í holukubbunum	28	5	0	33	85	0
Hvernig finnst mér í skógarferðum?	17	13	3	33	52	39
Hvernig finnst mér í "kór"?	18	11	4	33	55	33

Umbótarverkefni:

- Skoða aðstæður í „gaman saman“ út frá öllum hliðum, er hægt að auka ánægjuna þannig að fleiri börn hafi gaman að því að koma og þá hvernig. Þetta var líka á verkefnislista sl. árs.
- Fylgja eftir vinnunni með einingakubbana sem hófst með stuttum námskeiðum Ingibjargar Þórðardóttur á Krummakoti í febrúar.
- Það var á verkefnislistanum sl. ár að skipuleggja samverustundir og fara yfir skipulag í samverustundum og finna jafnvægi á lestri bóka og því að börnunum líði vel því samkvæmt þeim finnst þeim skemmtilegra að fara í leiki og búa sjálf til sögu en að hlusta á sögu lesna. Það þarf að halda áfram með þetta verkefni.
- Vinna áfram að því að efla sjálfræði barnanna.

Starfsmannasamtöl - Viðhorfskönnun starfsmenn

Starfsmannasamtöl eru tekin árlega á vorin og tilgangur þeirra er að gefa starfsfólki tækifæri á að ræða líðan sína, faglegar áherslur og mat þeirra á hvaða símenntun þau þurfa á að halda til að þróa sig frekar í starfi. Í vetur deildu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri þeim á milli sín u.þ.b. til helminga. Leikskólastjóri lagði áherslu á að taka viðtöl við stjórnendur leikskólans. Niðurstöður starfsmannaviðtala voru þær helstar að starfsmenn eru almennt ánægðir í starfi sínu. Vinustaðamórállinn þykir góður og fólk upplifir að það hafi tækifæri á að nýta hæfileika sína og kunnáttu til að auðga starfið. Fólk reynir allmennt að nýta sér þau símenntunarnámskeið sem okkur stendur til boða en þó var minnst á það að oft reynist erfitt að komast frá vegna forfalla annarra starfsmanna. Í maí var gerð viðhorfskönnun á meðal starfsmanna. Hún var unninn úr ECERS kvarðanum. Tilgangur könnunarinnar var að leggja mat á valda þætti úr starfsemi skólans. Niðurstaða þeirra könnunar er sú að starfsfólk er allmennt ánægt með starfsemi skólans og hvernig unnið er með hina ýmsu uppeldisþætti. Helst mætti þó að mati starfsmanna, bæta úr möguleikum barna til að draga sig úr skarkala hópsins og finna sér rólegt afdrep.



Kvarðinn er á bilinu 1 til 7. á töflunni hér að ofan má sjá meðaltal svara.

Spurningar og meðaltal svara

1. Timi til að vera einn og í friði.	Meðaltal svara: 3,8
2. Aðgengi efniviðar/leikefni fyrir börn.	Meðaltal svara: 5
3. Að taka á móti börnunum og skila þeim.	Meðaltal svara: 6,5
4. Hvíld/svefn/róleg stund.	Meðaltal svara: 5,9
5. að klæða sig úr og í.	Meðaltal svara: 5,7
6. Málörfun.	Meðaltal svara: 5,5
7. Málnotkun.	Meðaltal svara: 5,4
8. Hugtakanám/rökhugsun.	Meðaltal svara: 5
9. Óformleg málnotkun.	Meðaltal svara: 6,1
10. Fínhringar/ skynjun.	Meðaltal svara: 5,5
11. Tónlist og hreyfing.	Meðaltal svara: 4,4
12. Stærðfræði (tölur, fjöldi, magn ofl.).	Meðaltal svara: 4,8
13. "Andinn" í húsinu og starfinu – agi.	Meðaltal svara: 5,5
14. Samskipti við börn.	Meðaltal svara: 5,7
15. Samvinna starfsmanna.	Meðaltal svara: 6,2
16. Foreldrasamvinna.	Meðaltal svara: 5,6

Umbótarverkefni:

- Skoða aðstæður á deildum og ath. Hvort hægt sé að skapa svæði á deildinni þar sem börnin geta dregið sig útúr skarkalanum og fundið sér rólegt afdrep.

Starfsmenn - niðurstaða umræðuhópa.

Á skipulagsdegi 17. maí voru umræðuhópar um fagleg málefni. Skipulagið var þannig að allir höfðu val um að taka þátt í fagumræðum. Kynnt var hverskonar umræðuefni yrðu tekin fyrir og nefnd dæmi. Um 50 % starfsmanna kaus að taka þátt í umræðunum, allir leikskólakennararnir og aðrir með uppeldismenntun auk nokkurra annarra.

Skift var upp í þrjá 6 manna hópa og allir hópar ræddu sömu atriði. Fyrst var rætt um aldursblöndun síðan útinámið og svo verkefnisstjórnann í skapandi starfi.

Samantekt úr umræðunni um aldursblöndun:

Hóparnir voru sammála um að tækifærin lægju í aldursblönduninni. Það sé mikilvægt að hafa félagaval bæði upp fyrir sig og niður fyrir sig í aldri. Huga þarf að fjölda í árgangi og öllu jöfnu séu tveir í árgangi of lítið og tæpt á því að minnst ættu að vera fjórir í árgangi. Til framtíðar þarf að hugsa hvernig við viljum skifta nemendum á deildar ef nemenda fjöldi í hverjum árgangi er ekki meiri en 30. Of mikið að dreifa 30 nemendum á 8 deildar. Hægt væri að hafa yngri barnadeildirnar fleiri, þrjár eða fjórar.

Umbótarverkefni:

- Skoða þarf fjölda barna í árgöngum og fjölga yngribarnadeildum í leikskólanum ef árgangarnir telja um 30 nemendur eins og núna virðist vera. Betra er að þrír elstu árgangarnir dreifist á fimm deildir en 6 til að hver árgangur telji að minnsta kosti 6 nemendur.

Samantekt úr umræðunni um útinámið:

Sumir veltu því fyrir sér hvort við værum útiskóli og þá hvort við stæðum undir því á meðan aðrir sögðu að við legðum áherslu á útinám sem eina af námsleiðunum. Vilji er fyrir því að virkja yngri börn meira í útinámi/skógarferðum/vettvangsferðum. Nokkur atriði voru nefnd sem mikilvæg í tengslum við útinámið s.s. samvinna á milli deilda, nýta tækifærin sem gæfust í augnablikinu og ekki gleyma þætti málörvunar í útináminu. Starfsfólk þarf að vera jákvætt og tilbúið og það þarf að fá tækifæri til að þjálfast sem útinámsstarfskraftar. Um að gera að auka útinám og útiveru þegar veðrið fer batnandi með vor/sumar komunni. Gott útinám byggir á virkum starfsmönnum.

Umbótarverkefni:

- Halda áfram á þeirri braut sem við erum varðandi útinámið en styrkja enn frekar samstarf deilda og að deilda hugmyndum hvað varðar námsframboð.
- Efla virkni allra starfsmanna sem fara í skógarferðir, taka umræður um það á deildum hverjir fara í ferðinar, allir eða bara þeir sem hafa áhuga?

Samantekt úr umræðunni um verkefnisstjóra í skapandi starfi:

Umræðan snérist stundum um Michelle sjálfa og það sem hún hefur tekið að sér en þá ekki um hvernig fólk sér verkefnisstjórstöðuna fyrir sér. Fólk sagðist þurfa á henni að halda á morgnana en þá væri hún bundin inn á deild. Fólki fannst mjög gott þegar hún var að vinna öðruvísi og það hefði aðgang að henni því hún var duglega að hjálpa og studdi einnig vel við hópastarfið. Michelle væri mjög hugmyndarík og gott væri að leita til hennar. Það þarf að kynna betur þegar eitthvað stendur til eins og hjóladagurinn og Bjartir dagar og Michelle gat gert það áður en núna fer þetta stundum framhjá fólki þar til alveg er komið að þessu.

Óska staðan væri að verkefnisstjórnin í skapandi starfi kæmi með kveikjur, sæi um ýmsa viðburði, væri stuðningur við deildir í tengslum við skapandi starf og fleira þess háttar. Helst þyrfti hann að vera með skipulag þannig að vitað væri hvenær hvaða deild gæti leitað til hans. Viðburðir sem ættu að vera á könnu verkefnisstjórnans í skapandi starfi eru t.d. Bjartir dagar, hjóladagurinn, sumarhátíðin, ReMiduvikan,

skreyting jólaborpsins og ýmsir „menningartengdir“ viðburðir. Einnig að fitja upp á nýjungum. Verkefnisstjórinn á ekki að vera alltaf að taka til í Straum, Flæði og ReMiduherberginu.

Umbótarverkefni:

- Verkefnisstjórinn mun leggja fram hugmynd að nýrri starfslýsingu fyrir sig (og tekur tillit til niðurstöðunar úr umræðunni), hlutverki og hvernig hann skiftir tímanum sínum milli deilda og fleira eins og hann sér stöðuna best nýtt. Stjórnendur munu svo fara yfir hvernig hægt er að koma hans hugmyndum í framkvæmd og setja verkefnisstjórstöðuna í nýtt skipulag.

Starfsmenn – viðhorfskönnun "Líðan, heilsa og starfstengd viðhorf"

Hjördís Sigursteinsdóttir gerði viðhorfskönnun meðal starfsmanna hjá Hafnarfjarðarbæ. 47 starfsmönnum Stekkjaráss var send könnunin en einungis 17 svöruðu sem gerir rúmlega 36% þátttöku. Slík þátttaka er ekki næg til að hægt sé að vinna með niðurstöðurnar. Einnig var ýmislegt sérstakt sem kom fram í niðurstöðunum sem grófu undan trúverðugleikanum. T.d. af þessum 17 sem svöruðu voru 5 með meistarapróf eða meira en í Stekkjarási eru eingöngu 3 með slík próf og 1 af þessum 17 segist vinna 11 yfirvinnutíma á viku eða meira en það er enginn sem gerir það. Viðhorfskönnunin var rædd meðal starfsmanna og þátttöku leysið má m.a. rekja til þess að starfsfólki fannst að hægt væri að rekja svörin beint til þeirra, hún var löng og þegar spurt var um stjórnendur var óljóst við hverja var átt.

Umbótarverkefni:

- Fá starfsfólk til að taka þátt í viðhorfskönnunum sem lýtur að starfi þeirra hjá Hafnarfjarðarbæ.

Starfsmenn - fundir og skipulagsdagur

Starfið er metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildarfundum, deildastjórafundum og fundum samráðsteymis leikskólans. Mat sem fram fer með slíkum hætti er að mestu bætt jafnóðum eftir því sem við á og á þetta til dæmis við ef vandamál sem koma upp á mill starfsmanna, ef upp koma mikil frávik í hegðun barna og svo framvegis. Eitt hefur komið ítrekað upp á fundum með stjórnendateyminu en það er skortur á tíma til faglegra umræðna og kom fram tillaga þess efnis að teknir væru frá tveir starfsmannafundir á haustönn og aðrir tveir á vorönn undir fagfundi. Á Fagfundum verður tekið fyrir fyrirfram ákveðið málefni er varðar uppeldismál og kennslufræðilegar nálganir. Uppröðun í salnum verður með þeim hætti að starfsmenn sitja í hring og hlusta á hugmyndakveikjur eða kynningar á ákveðnum viðfangsefnum. Síðan verður málefnið rætt annað hvort í öllum hópnum eða fleiri minni hópum. Til að hámarka árangur fundanna verður skipaður ritari og fundastjóri úr röðum starfsmanna. Efni fagfundanna verður ákveðið eftir sumarfrí en áætlað að það verðu komið á hreint nokkru áður en fagfundur verður svo fólk hafi tíma til að melta efnið. Einnig hefur myndast umræða um nýtingu t.d. á mat og endurvinnanlegum efnivið og komið fram áhugi á að flokka sorp meira en gert er í dag. Móttaka kvótaflóttabarnsins hefur ekki verið tekin út sérstaklega en það hefur komið fram á fundum að almennt hefur þótt hafa tekist vel og áætlað að endurskoða ferlið á næsta skólaári þegar barnið er búið að vera hér lengur.

Umbótarverkefni:

- Fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var á deildarstjórafundi í maí að fagfundir verði 4. október og 1. nóvember 2016 og svo 10. janúar og 2. mars 2017.
- Flokka sorp meira og skoða hvaða möguleika við höfum til að bæta í sorpflokkunina.

Símenntunaráætlun skólaársins 2015 -2016 endurmetin

Þegar símenntunaráætlun var gerð fyrir skólaárið 2015 – 2016 lá ekki fyrir hvaða fjármagn fengist fyrir 2016 og þá var komið í ljós að það fjármagn sem fékkst fyrir 2015 var allt upp urið. Því var símenntunaráætlunin gerð þannig að ekki kæmi til aukakostnaður vegna námskeiðshalds og fræðslu til starfsmanna skólaárið 2015 -2016. Flest það sem við lögðum af stað með varðandi símenntun starfsmanna á hausönn gekk eftir.

Nýliðanámskeið færðust reyndar til jan 2016 þar sem alltaf ver beðið eftir fleir nýliðum og fleir börnum.

Skipulagsdagur 28. sept. 2015

- Michelle kynnti ritgerð sína og umræður urðu um viðhorf starfsmanna skapandi greina í leikskólastarfi.
- Unnur Henrys sagði frá heimsókn þeirra Hörpu K. til Bretland þar sem þær kynntu sér útinám. Í kjölfarið var verkefnavinna í tengslum við námstækifærin í útináminu.
- Berglind mannauðsstjóri kom og fór yfir réttindi og skyldur starfsmanna.
- Fyrirlestur í Áslandsskóla um verkefni bæjarnis „Læsi er lífsins leikur“.

Málstofur á skipulagsdegi 20. nóv 2015

- Grunnurinn í starfsaðferðum, skapandi starf - Reggio Emilia. Michelle.
- Útinám – tengt áherslum á læsi. Unnur.
- Skráningar – uppeldisfræðilegar skráningar. Margrét Braga.
- Spilin og námsefni sem til er í Hamri. Agnes – Hamri.
- Málörvun – Harpa Kolbeins.
- Útisvæðið – möguleigar, virkni og hlutverk starfsmanna. Steina.
- Samverustundir – Alda Agnes
- Námsgögn gerð úr allskonar „sama hugsun, annar efniviður“ Unnur
- Ábyrgð til starfs – hvernig starfsmaður er ég. Michelle.
- Jafnrétti í leikskólanum og umræður. Sverrir.

Starfsmenn sóttu eftirfarandi námskeið á haustönn

15. sept. Með leikgleði lærum við. Tveir starfsmenn.

17. sept. Námskeið fyrir deildastjóra. Tveir starfsmenn.

22. sept. Hugleiðsla, slökun og jákvætt hugarfar fyrir starfsfólk leikskóla. – Kraganámskeið. 5 starfsmenn

30. sept. Barnið í leik. Tveir starfsmenn.

6. okt. iPad fyrir byrjendur. 1 starfsmaður.

28. okt. Myndataka og skráning. Tveir starfsmenn

3. nóv. Læsishvetjandi umhverfi. 1. starfsmaður.

10. nóv. Tónlist með börnum. Tveir starfsmenn.

Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri sóttu stjórnendanámskeið í boði skólaskrifstofunnar á vegum þekkingarmiðlunar þrjú skifti fjórir tíma í senn á haustönninni .

- Sjálsskoðun og niðurstöður stjórnendamats.
- Stjórnendahlutverkið.
- Ráðningar og móttaka nýliða.

Símenntunaráætlunin vegna vorannar 2016 var bæði minna áætluð fyrirfram og það sem áætlað var riðlaðist meira til.

Nýliðanámskeið sem fyrirhuguð voru um haustið voru haldin í jan 2016.

- Skapandi starf í Stekkjarási – Michelle.
- Stuðningskennsla – Agga.
- Starfsmannahandbókin – Sverrir.
- Viðverustefnan, vinnustund og ýmislegt hagnýtt – Alda.
- Skólanámskráin – Sverrir.

Skipulagsdaginn 4. Janúar var fyrirhugað að vera með uppeldisfræðilegarskráningar en skólaskrifstofan bauð öllum starfsmönnum í leikskólum í Hafnarfirði upp á tvo fyrirlestra fh. þennan dag sem starfsfólk hafði mikin áhuga á og því var það tilboð tekið framyfir. Farið var í Víðistaðarkirkju þar sem hlítt var á Atli Viðar Bragason fjalla um kvíða barna og Jónínu frá Virk endurhæfingarstöð fjalla um viðverustjórnun. Eftir hádegi var Michelle verkefnastjóri í skapandi starfi, með fyrirlestur um starfshætti í anda Reggio Emilia.

Skipulagsdagur 24. febrúar. Stýrihópur um bættan námsárangur í Hafnarfirði sá um fræðslu og umræður fyrir hádegi og var hann sameiginlegur öðrum leikskólum í Hafnarfirði. Starfsmenn gátu valið um færðslu hjá Rannveigu Á Jóhannsdóttur – yngra leikskólastig í Víðistaðaskóla eða hjá Bryndísi Guðmundsdóttur – eldra leikskólastig í Hraunvallaskóla. Eftir hádegi var skyndihjálparnámskeið keyrt fyrir alla starfsmenn. Það voru það margir nýliðar sem kölluðu eftir skyndihjálparnámskeiði og þótt ekki annað fært en að fá slíkt námskeið inn þar sem þetta er mikið öryggisatriði.

23. til 29. apríl fóru tveir starfsmenn til Litháen að skoða útleiksóla. Öðrum starfsmanninum var boðið en hinn fór á styrk. Starfsmennirnir gerðu grein fyrir ferðinni á starfsmannafundi 6. júní 2016

Á tveggja tíma deildarfundum hjá Stekk í apríl og á skipulagsdegi 17. maí í einn og hálfan tíma var fræðslu um kvótaflóttafólk. Nauðsynleg fræðsla þar sem í lok apríl byrjaði drengur í leikskólanum fæddur 2011 sem er kvótaflóttamaður. Hrafnhildur Kvaran sá um fræðsluna.

Fræðandi föstudagar féllu niður á þessu skólaári þar sem víða voru þrír starfsmenn á deild og ekki hægt að tví skifta kaffítímum sem er grundvöllur þess að þetta var hægt. Hugmyndin var að reyna að færa þá yfir á starfsmannafundi en það gekk ekki eftir.

Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri sóttu seinni hluta stjórnendanámskeið á vegum þekkingarmiðlunar fjögur skifti fjórir tíma í senn.

- Tímastjórnun og fundarstjórnun.
- Erfið starfsmannamál.
- Fjarvistastjórnun.
- Breytingastjórnun.

Auk þess sem þeir sóttu stjórnendanámskeið fyrir alla stjórnendur hjá Hafnarfjarðarbæ þrjú skifti á vorönn. Umsjón Ingvar Jónsson. Einnig sóttu þeir tvö námskeið á vegum stýrihóps um bættan námsárangur í Hafnarfirði.

Umbótarverkefni:

- Finna farveg til að endurvekja fræðandi föstudaga.
- Ath. hvort hægt sé og/eða hvort æskilegt sé að vera með nákvæmari símenntunaráætlun.

Endurmat sérkennslustjóra á sérkennslunni

Gagnsemi sérkennslunnar, varð einhver árangur af henni - hver þá helst?

Öll börnin sem eru með úthlutaðan stuðning hafa náð árangri og sum verulegum. Starfsmennirnir sem hafa verið í stuðningskennslu þetta skólaárið hafa unnið vel og af áhuga. Árangurinn er þó alltaf mestur þar sem sem deildastjórarnir og starfsfólk deildar hefur unnið sem heild, allir deildastarfmennirnir eru virkir þátttakendur og deildastjórinn sýnir sérkennslumálum áhuga og nær því að fá deildastarfmenn með sé. Illa gekk að ráða fólk framan af skólaári svo hægt væri að sinna öllum stuðningnum sem skyldi. Sérstaklega beinist það að einni deild og stuðningurinn á þeirri deild hefur ekki gengið sem skyldi og mjög oft fallið niður. Sennileg skýring að stuðningurinn telst með stöðugildi deildarinnar um leið og vantar starfsmann fellur stuðningurinn niður.

Sú nýjung var gerð að við nýttum þriðja flokkinn meðal annar í sérstaka vinnu með tvítyngdu börnin. Það var einn starfsmaður sem fylgdi eftir og studdi við börnin með ýmsum hætti. Skoðuðum einstaklingsmiðaðar þarfir hjá hverjum og einum nemanda og unnum út frá því. Þannig að hvert barna fékk stuðning eftir þörfum hverju sinni. Meðal annars vorum við með samskiptabók milli heimilis og skóla og með þessu virkjuðum við foreldra í því sem börnin voru að læra hverju sinni.. Þetta tel ég að hafi gengið mjög vel. Við höfðum áhugasaman og duglegan stuðningsaðila í þessa kennslu.

Hljóm.

Í ár voru 15. börn í málörvun þ.e þau sem komu út í slakri eða mjög slakri færni í fyrirlögn á Hljómi -2 í haust. Í Hópnum voru einnig börn af erlendum uppruna sem náð höfðu meðalfærni við fyrirlögnina og máttum við það að þarna væri verið að styrkja þau enn frekar í hljóðkerfisvitundinni. Hóparnir voru þrír fyrir áramót og var ég með einn hópinn en Íris Einarasdóttir með tvo hópa. Eftirfylgni var góð og unnið vel. Við aðra fyrirlögn fækkaði verulega í hópnum, ákveðið var að hafa tvo fámenna hópa í staðinn fyrir einn stóran hóp og sá Íris Einarasdóttir um þessa hópa. Unnið var áfram af áhuga og festu. Ég var ekki með hóp eftir áramót en í mínum hóp voru einungis drengir af erlendum uppruna og fóru þeir ekki í Hljóm hóp eftir áramót en í staðinn fóru þeir í málörvun með annarri áherslu en á hljóðkerfisvitundina og var sú vinna árangursrík að mínu mati. Í heildina litið er ég mjög sátt með Hljómvinnuna í vetur tímar féllu sjaldan niður og það er von mín að við getum unnið með sömu áherslur næsta skólaár.

Hvernig skiptist tími þinn milli verkefna, þ.e fundarsetu, undirbúningsvinnu bein sérkennsla.

Bein sérkennsla hefur ekki verið á mínum höndum þetta skólaár fyrir utan Hljómhópinn sem ég var með á haustönn. Þar af leiðindum get ég sinnt mínum verkefnum eftir hendinni. Þetta auðveldar alla vinnu fyrir mig og dregur úr því að sérkennslan falli niður vegna annarra verkefna sem ég þarf að sinna. Það er von mín að minn starfskraftur nýtist því betur sem stuðningur við deildar og það starfsfólk sem sinnir sérkennslunni.

Áherslubreytingar -Framkvæmd- og eftirfylgni.

Þetta árið breyttum við til og að hluta til var fólkið sem sá um sérkennsluna að nokkru leyti "mitt" starfsfólk þ.e. sérkennslustjóri væri yfir starfsfólkinu sem sæi um stuðninginn og gæti þá sett það í önnur sérkennsluverkefni eftir þörfum. Þetta hefur að mínu mati gengið nokkuð vel. Gerðar voru stundaskrár fyrir hvern stuðningsaðila fyrir sig því flestir komu að fleiri en einu barni og sumir vorum með nokkur. Oftast gekk vel að fylgja stundaskrá og sérkennslan féll sjaldan niður fyrir utan að sjálft stuðningsfólkið var frá vegna veikinda eða fría. Mitt fólk fór sjaldan í afleysingar sem ég tel gott og ber vott um virðingu við mikilvægi þess að börnin fá þann stuðning sem þeim ber.

Eftirfylgnin sérkennslunnar felst í að fara yfir þau markmið og þær leiðir sem við setjum okkur í einstaklingsnámskránum og vinnuáætlunum barnanna einnig í foreldraviðtölum/teymisfundum. Þetta hefur gengið nokkuð vel. Samstarf við samstarfsfólk hefur í aðalatriðum gengið nokkuð vel, þó er misjafn

hversu mikil afskipti ég hef að fólkinu sumu stýri ég mikið en öðru minna. Flest allir hafa sýnt áhuga, metnað og sjálfstæð vinnubrögð þetta skólaárið.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra hefur verið nokkuð gott.

Samstarf við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Aðgangur við sérkennslufulltrúa, sálfræðing og talmeinafræðing er gott. Ávallt er hægt að leita til þeirra. En það er nánast ekki ásættanlegt hvað bið eftir sérfræðiþjónustu er lög. Á það við alla staði bæði Skólaskrifstofuna og annarrar stoðþjónustu sem við þurfum að sækja eftir. Þá er þetta helst bagalegt þegar við þurfum stuðning fyrir deildir eða sérkennslustjóra sem fyrst.

Umbótarverkefni:

- Halda áfram með það fyrirkomulag að starfsfólk sem sér um stuðning séu starfsmenn sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri á að vera í umræðunni ef breytingar eru á starfi þessara aðila þ.e. þeir fara úr stuðningi í almennt starf þegar dagurinn er settur upp á níu fundi.
- Næsta skólaár verði með svipuðum hætti á skólaári 2015-2016 hvað varðar skipulagið á sérkennslunni. Allir séu með vel skilgreind markmið og leiðir fyrir „sitt“ barn.
- Að nýta þriðja flokkinn að einhverju leyti áfram fyrir erlendu börnin.
- Skilgreina þau börn sem falla undir þriðja flokk vel og gott væri að deildastjórar þyrftu að sækja um til samráðsteymisins um tímaúthlutun og gera þannig deildastjórana vel meðvitaða um að ábyrgðin sé þeirra.

Endurmat verkefnastjóra í skapandi starfi á verkefnisstjórstöðunni

Staða verkefnastjórans var nýtt á annan hátt síðasta skólaár. Ég tók að mér að sinna sérstuðningi barns fyrir hádegi allt skólaárið þar sem ekki tókst að manna þá stöðu á annan hátt en um mjög sérstakt tilfelli var að ræða og barnið komið á síðasta árið í leikskólanum. Í apríl 2016 kom í leikskólann kvótaflóttabarn og var ég einnig fengin til að sinna stuðningi með því barni í þrjá klukkutíma fram að sumarfríi.

Þetta hefur verið lærdómsríkt tímabil á margan hátt. Læra þurfti á nýtt skipulag, samvinnu við starfsfólk, sérkennslubörn, foreldra þeirra og allt teymið í kringum þau. Vegna þessarar stöðu hefur starfsfólk ekki haft aðgang að mér á þeim tíma sem mesta þörfin var fyrir hendi. Það reyndist erfitt að vinna eftir allri starfslýsingunni og hafa yfirsýn yfir ýmis aukaverkefni um leið, t.d. læsisverkefni. Þrátt fyrir það hafa verkefni sem unnin hafa verið gengið vel.

Ég tók einnig að mér þrjá háskólanemendur; tveir nemandanna voru á fyrsta námsári til B.ed gráðu í leikskólakennarafræðum og einn nemandinn var í mastersnámi. Áhugi er til staðar til að fá fleiri nemendur á nýju skólaári. Mitt mat er að samstarf milli háskólans og leikskólans sé lærdómsríkt og hafði jákvæð áhrif á leikskólastarfið.

Umbótarverkefni:

- Verkefnisstjórinn mun leggja fram hugmynd að nýrri starfslýsingu fyrir sig, hlutverki og hvernig hann skiftir tímanum sínum milli deilda og fleira eins og hann sér stöðuna best nýttá. Stjórnendur munu svo fara yfir hvernig hægt er að koma hans hugmyndum í framkvæmd og setja verkefnisstjórstöðuna í nýtt skipulag (sama umbótarverkefni og kom fram í samantekt umræðna starfsmanna um verkefnisstjórstöðuna).

Framfylgni úrbótaáætlunar í kjölfar mats skólaársins 2015-2016

- Taka út fæðið og skoða hvað hægt er að gera fyrir starfsfólk varðandi aðgengi þeirra að mat og þá hverskonar mat. **Settur var á laggirnar starfshópur sem hafði það verkefni að skoða næringarinnihald og samsetningu matar sem í boði er í skólanum. Starfshópurinn hélt fund í maí þar sem rætt var um næringarinnihald einstakra vörutegunda sem keyptar eru inn í eldhúsið. Droplaug (kokkur) lagði fram blað með sykurmagni ýmissa vörutegunda og var það rætt. Einnig var rætt um samsetningu matseðla t.d að hafa hrökkbrauð frekar þá daga þar sem er þyngri matur og brauð á þeim dögum sem léttara fæði væri í boði. Farið var yfir þá peninga sem eldhúsið hefur til ráðstöfunar og Droplaug lagði fram blað með upplýsingum um hvað hver og ein máltíð kostar fyrir leikskólann í heild sinni. Komið var með hugmyndir að nýjungum í morgunmat og síðdegishressingu sem var ákveðið að skoða og reyna á nýju skólaári.**
- Athuga þarf samsetningu fæðis barnanna í leikskólanum. **Þetta var skoðað í starfshópi sjá næsta á undan.**
- Enn og aftur þarf að athuga með sérkennsluna bæði innanhúss og svo aðgengi okkar að sérfræðingum utan leikskólans. Huga þarf sérstaklega að úthlutun fyrir 3. flokk og vinna í viðhorfum starfsmanna til barna með frávík sér í lagi hvað varðar hegðun. **Sú nýbreytni var viðhöfð þetta skólaárið að forræði nánast alls starfsfólks sem sá um stuðning var tekið af deildum og færtundir stjórn sérkennslustjóra, sem sá um að deila út því starfsfólki sem hefur það að starfi að sinna sérkennslu og stuðning. Reynsla að þessu fyrirkomulagi þótti góð og fullur áhugi er að að halda þessu skipulagi áfram næsta skólaár.**
- Halda áfram að þrýsta á fræðslufirvöld í bænum að aðgengi að sérkennslusérfræðingum sé betra og og þá aðallega styttri bið í það. **Þetta verkefni hefur enn sem komið er ekki skilað þeim árangri sem við vonumst eftir. Þessu verkefni verður því haldið áfram næsta skólaár.**
- Skoða skal fjarvistir starfsmanna og fjölda veikinda daga þeirra og annarra daga í fjarveru frá vinnu. Í upphafi skólaárs á fyrsta starfsdeginum 28. september skal eiga sér stað umræða um stundvísi, veikindafjarveru og aðra fjarveru frá vinnu. Setja inn fræðslu í upphafi vorannar sem kemur inn á ástundun og með hvaða hætti er hægt að fækka dögum í fjarveru frá vinnu. Skólastjórnendur sækja sér fræðslu um með hvaða hætti er hægt að fækka fjarverudögum starfsmanna frá vinnu. **Farið var eftir þessari verkefnaáætlun. Auk þess sem skólastjóri er virkur í starfshópi skipuðum af fræðslufirvöldum bæjarins. Starfshópurinn hefur það verkefni að skoða möguleika á að tekið sé upp eitt fjarvistarstjórnunar kerfi fyrir alla skóla bæjarins. Von er á nýjum verkferlum í kringum viðverustjórnun frá þessum starfshópi en ljóst er að m.a. mun Stekkjarás taka þátt í tilraunaverkefni þar sem starfsmenn hringja inn fjarvistir til leikskólans en einnig ef um veikindi starfsmanna er að ræða hringja þeir í fyrirtæki sem býður fyrirtækum upp á innhringipjónustu þegar um veikindi er að ræða.**
- Kynna fyrir starfsfólki í upphafi skólaárs hvers vegna fjöldi barnanna er sem hann er og hvernig honum er raðað niður á deildar. **Unnið var eftir þessari áætlun og auk þess fengu deildastjórar í hendur exelskjál þar sem þeir gátu sjálfir sett inn barnahópin og reiknað út leyfð stöðugildi með tilliti til sérkennslu og undirbúningsafleysingu.**
- Tengja námstækifæri sem gefast og aðstæður í fataklefnum við skólanámskránnu. **Umræða fór fram um þennan þátt á deildastjórafundum og eins í umræðum fagfólks sín á milli. Ekki var gerð neinn skrifleg áætlun né settar fram neinar skriflegar reglur né leiðbeiningar.**
- Athuga með hvort hægt sé að gefa meiri tíma í fataklefum til að klæðast úr og í miðað við getu barnanna. **Sjá svar að ofan.**
- Athuga með hvort hægt sé að skipta barnahópnum í smærri hópa til að vera í fataklefanum að klæða sig út. **Sjá svar að ofan.**
- Aðstoða starfsfólks við að tengja útiveru og útinám við skólanámskránnu. **Sjá svar að ofan.**

- Skoða virkni „annarra“ á útisvæði í ljósi þess að margir töldu marga aðra starfsmenn óvirka á útisvæði. Þessi þáttur var marg ræddur á deildastjórafundum, þetta áréttað á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Árangur lætur á sér standa og fullástæða til að halda áfram að vinna í þessu.
- Kynna fyrir starfsmönnum „kerfið“ sem notað er í garðinum og athuga hvort hægt sé að bæta það. Þetta var gert og umræða tekin um gildi þess að starfsfólk sé virkt á útisvæði.
- Efla hópastarf með yngri börnum. Ekki tekið sérstaklega fyrir.
- Taka umræðu meðal starfsmanna um hvort börnunum standi til boða jöfn tækifæri til leiks og starfs. Umræða um jafnréttismál og femenisk gildi eiga sér stað í daglegu uppeldisstarfi með börnunum. Mætti taka fagumræðufund um þetta á næsta skólaári.
- Koma á skipulagi á tiltekt í Straumi, flæði og ReMidu. Gerð var tilraun til að gera einn kennara samábyrgðan með fagstjóra með að halda Straumi, ReMidu og Flæði snyrtilegu. Sá kennari er í afleysingum og gat því miður ekki sinnt þessu sem skildi vegna fjarveru starfsmanna, ýmist hann sjálfur eða starfsmanna sem hann þurfti að leysa af.
- Fræðsla um skapandi starf. 4. janúar var Michelle með fræðslu um starfsaðferðir Reggio Emilia og lagði áherslu á skapandi þáttinn í þeim starfsaðferðum. Einnig var á skipulagsdegi 20. nóv. smiðjur þar sem meðal annars var hægt að kynna sér skapandi aðferðir í útikennslu.
- Bæta umgengi í umhverfi leikskólans innan dyra. Starfsfólk miðhúss gerðu gangskör í að taka til í leikskólanum og komust yfir að taka vel til vestur hluta leikskólans á meðan sá hægri fékk minni tiltekt enda betur gengið þar um. Hluti úr skipulagsdagsdegi var nýttur í tiltekt utanhúss. Það varð til þess að auka virðingu starfsfólks og barna fyrir umhverfi okkar og mikilvægi þess að hafa umhverfið snyrtilegt.
- Prófa að koma skipulagi á starf verkefnisstjórans t.d. viku og viku með deildir. Vegna álags á verkefnastjóra sem kom til vegna þess að hann tók að sér að vera stuðningur inn á deildum hluta af sínum vinnutíma þá reyndist ekki hægt að sinna þessum þætti svo vel væri.
- Auka umræðu um að börnin fái tilfinningu fyrir því að þau ráði einhverju. Þetta virðist vera eilífðar verkefni hjá okkur en helsta leiðin okkar er að breyta því hvernig við tölum við börnin og ýtum undir að þau taki eftir því þegar þau „ráða“. Tilfinning barna gagnvart því að þau ráða hefur þá heldur aukist ef mark er takandi á viðhorfkönnuninni sem gerð var meðal barnanna.
- Athuga með hvort hægt sé að auka ánægju barnanna í „gaman saman“ með því t.d. að breyta uppsetningu eða lagavali. Þetta tókst ekki, spurning um að stokka þetta eitthvað upp. Í viðhorfkönnuninni meðal barnanna voru um 30% barnanna sem þykja aldrei gaman í „gaman saman“.
- Fara yfir skipulag í samverstundum og finna jafnvægi á lestri bóka og því að börnunum líði vel því samkvæmt þeim finnst þeim skemmtilegra að fara í leiki og búa sjálf til sögu en að hlusta á sögu lesna. Þetta þarf að skoða áfram því samkvæmt viðhorfskönnun meðal barnanna eru 15% barna sem finnst aldrei gaman og 30% sem finnst það stundum.
- Ath. hvort ástæða sé til að skoða vinnu okkar með einingakubbana til að auka ánægju barnanna af þeim. Til að auka færni starfsfólks við vinnu með einingakubba og dýpka þekkingu. Fengum við Ingibjörgu Þórðardóttur deildastjóra á Krummakoti til að vera með námskeið fyrir starfsfólk um vinnu með einingakubbum. Námskeiðin tókust vel og starf með einingakubba öðlaðist meiri dýpt og skilningur á gagnsemi þeirra jókst á meðal starfsfólks. Samt sem áður virðast börnin hafa mun meira gaman að leika sér í holukubbum en einingakubbum. 85% barnanna fannst alltaf gaman í holukubbum á meðan 42% barnanna fannst það sama um einingakubba.
- Skoða flestar aðstæður í leikskólastarfinu s.s. hvíld, starf í Straumi og Flæði og fl. staði með tilliti til biðtíma barnanna. Ekki gert.
- Vinna að hugmyndum með starfsfólki hvernig endurvinnanlegur efniviður getur nýst í leik og starfi. Þessi þáttur hefði mátt fá meiri athygli.

- Vinna að framgangi læsisverkefnisins „Leikur að læsi“. Þetta verkefni lagðist af en í stað þess kom samstillt lestrarátak bæjarins „lestur er lífsins leikur“. Mikil óvissa ríkti með hvort leiksólinn fengi fjármagn til að standa straum af verkefnisstjóra eftir áramót en á haust önn fékkst fjármagn sem dekkai tæpa tvo tíma á viku til að sinna innleiðingu og þróun þess verkefnis. Ekkert svar fékkst frá yfirvöldum hvort eitthvert fjármagn fengist á vorönn og því var verkefnið fleytt inn í annað starf leiksólans. Rætt um á deildastjórafundum að halda áherslum á málörvun, stafabekkingu og hljóðkerfisvitund áfram í takti við það sem áður var komið.
- Spora og byrja á markvissri vinnu við að kenna nemendum með íslensku sem annað tungumál íslensku. Sú nýjung var gerð að þriðji flokkurinn var meðal annar nýttur í sérstaka vinnu með tvítyngdu börnin. Það var einn starfsmaður sem fylgdi eftir og studdi við börnin með ýmsum hætti. Skoðuðum einstaklingsmiðaðar þarfir hjá hverjum og einum nemanda og unnum út frá því. Þannig að hvert barna fékk stuðning eftir þörfum hverju sinni. Meðal annars vorum við með samskiptabók milli heimilis og skóla og með þessu virkjuðum við foreldra í því sem börnin voru að læra hverju sinni. Þetta teljum við að hafi gengið mjög vel. Við höfðum áhugasaman og duglegan stuðningsaðila í þessa kennslu.

Umbótarverkefni:

- Fylgja þeim áformum um koma með nýjungar í morgunmat og síðdegishressingu sem var ákveðið að skoða og reyna á nýju skólaári á fundi starfshóps um næringarinnhald og semsetningu matar.
- Halda áfram að þrýsta á fræðslufirvöld í bænum að aðgengi að sérkennslusérfræðingum sé betra og og þá aðallega styttri bið í það.
- Unnið verður áfram í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ að bættir viðveru starfsmanna (minnka fjarvistir).
- Skoða virkni „annarra“ á útisvæði í ljósi þess að margir töldu marga aðra starfsmenn óvirka á útisvæði.
- Auka umræðu um að börnin fái tilfinningu fyrir því að þau ráði einhverju.
- Athuga með hvort hægt sé að auka ánægju barnanna í „gaman saman“ með því t.d. að breyta einhverju, stjórnun, uppsetningu eða lagavali.
- Fara yfir skipulag í samverstundum og finna jafnvægi á lestri bóka og því að börnunum líði vel því samkvæmt þeim finnst þeim skemmtilegra að fara í leiki og búa sjálf til sögu en að hlusta á sögu lesna.
- Ath. hvort ástæða sé til að skoða vinnu okkar með einingakubbana til að auka ánægju barnanna af þeim.
- Skoða flestar aðstæður í leikskólastarfinu s.s. hvíld, starf í Straumi og Flæði og fl. staði með tilliti til biðtíma barnanna.
- Vinna að hugmyndum með starfsfólki hvernig endurvinnanlegur efniviður getur nýst í leik og starfi.

Samantekt.

Í þessari skýrslu er mat á starfi leikskólans á þessu skólaári tekið saman. Matið var með hefðbundnu sniði en það ytra matið sem gert var varð því miður ekki marktækt. Það var synd að sú viðhorfskönnun sem Skólapúlsinn gerði meðal foreldra varð ekki marktæk þar sem ekki náðist nógu góð svörun við undirspurningum sem mynduð matsþætti. Þegar þetta er tekið saman þá hefur leikskólastjóri þegar settið fund með starfsfóli Skólapúlsins sem stóð fyrir könnuninni til að gera könnunina þannig úr garði að hún virki. Varðandi innramatið var að mikluleiti stuðst við þá matsáætlun sem gerð var fyrir skólaári fyrir utan að áætlað var að á skipulagsdegi í febrúar að leggja fyrir starfsmenn spurningalista til að kanna þekkingu þeirra á skólanámskrá leikskólans og grunnþáttum menntunar. Einnig var ákveðið að leggja ekki allan ECKERS kvarðann fyrir heldur velja úr spurningar.

Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2016-2017.

- Að setja sig í samband við Skólapúlsinn og koma þessum athugasemdum á framfæri og aðstoða þá til að útbúa könnun sem virkar og fær fram gott svarhlutfall.
- Skoða aðstæður í „gaman saman“ út frá öllum hliðum, er hægt að auka ánægjuna þannig að fleiri börn hafi gaman að því að koma og þá hvernig. Þetta var líka á verkefnislista sl. árs.
- Fylgja eftir vinnunni með einingakubbana sem hófst með stuttum námskeiðum Ingibjargar Þórðardóttur á Krummakoti í febrúar.
- Það var á verkefnislistanum sl. ár að skipuleggja samverustundir og fara yfir skipulag í samverstundum og finna jafnvægi á lestri bóka og því að börnunum líði vel því samkvæmt þeim finnst þeim skemmtilegra að fara í leiki og búa sjálf til sögu en að hlusta á sögu lesna. Það þarf að halda áfram með þetta verkefni.
- Vinna áfram að því að efla sjálfræði barnanna.
- Skoða aðstæður á deildum og ath. Hvort hægt sé að skapa svæði á deildinni þar sem börnin geta dregið sig útúr skarkalanum og fundið sér rólegt afdrep.
- Skoða þarf fjölda barna í árgöngum og fjölga yngribarnadeildum í leikskólanum ef árgangarnir telja um 30 nemendur eins og núna virðist vera. Betra er að þrír elstu árgangarnir dreifist á fimm deildir en 6 til að hver árgangur telji að minnsta kosti 6 nemendur.
- Halda áfram á þeirri braut sem við erum varðandi útinámið en styrkja enn frekar samstarf deilda og að deilda hugmyndum hvað varðar námsframboð.
- Efla virkni allra starfsmanna sem fara í skógarferðir, taka umræður um það á deildum hverjir fara í ferðinar, allir eða bara þeim sem hafa áhuga
- Verkefnisstjórinn mun leggja fram hugmynd að nýrri starfslýsingu fyrir sig, hlutverki og hvernig hann skiftir tímanum sínum milli deilda og fleira eins og hann sér stöðuna best nýtt. Stjórnendur munu svo fara yfir hvernig hægt er að koma hans hugmyndum í framkvæmd og setja verkefnisstjórstöðuna í nýtt skipulag.
- Fá starfsfólk til að taka þátt í viðhorfskönnunum sem lýtur að starfi þeirra hjá Hafnarfjarðarbæ.
- Fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var á deildarstjórafundi í maí að fagfundir verði 4. október og 1. nóvember 2016 og svo 10. janúar og 2. mars 2017.
- Flokka sorp meira og skoða hvaða möguleika við höfum til að bæta í sorpflokkunina.
- Finna farveg til að endurvekja fræðandi föstudaga.
- Ath. hvort hægt sé og/eða hvort æskilegt sé að vera með nákvæmari símenntunaráætlun.
- Starfsfólk sem sér um stuðning eru starfsmenn sérkennslustjóra og hann er í umræðunni er breytingar eru á starfi þessara aðila þ.e. þeir fara úr stuðningi í almennt starf.
- Næsta skólaár verði með svipuðum hætti á skólaári 2015-2016 hvað varðar skipulagið á sérkennslunni. Allir séu með vel skilgreind markmið og leiðir fyrir „sitt“ barn.

- Að nýta þriðja flokkinn að einhverju leyti áfram fyrir erlendu börnin.
- Skilgreina þau börn sem falla undir þriðja flokk vel og gott væri að deildastjórar þyrftu að sækja um til samráðsteymisins um tímaúthlutun og gera þannig deildastjóranna vel meðvitaða um að ábyrgðin sé þeirra
- Fylgja þeim áformum um koma með nýjungar í morgunmat og síðdegishressingu sem var ákveðið að skoða og reyna á nýju skólaári á fundi starfshóps um næringarinnhald og semsetningu matar.
- Halda áfram að þrýsta á fræðslufirvöld í bænum að aðgengi að sérkennslusérfræðingum sé betra og og þá aðallega styttri bið í það.
- Unnið verður áfram í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ að bættir viðveru starfsmanna (minnka fjarvistir).
- Skoða virkni „annarra“ á útisvæði í ljósi þess að margir töldu marga aðra starfsmenn óvirka á útisvæði.
- Auka umræðu um að börnin fái tilfinningu fyrir því að þau ráði einhverju.
- Athuga með hvort hægt sé að auka ánægju barnanna í „gaman saman“ með því t.d. að breyta einhverju, stjórnun, uppsetningu eða lagavali.
- Fara yfir skipulag í samverstundum og finna jafnvægi á lestri bóka og því að börnunum líði vel því samkvæmt þeim finnst þeim skemmtilegra að fara í leiki og búa sjálf til sögu en að hlusta á sögu lesna.
- Ath. hvort ástæða sé til að skoða vinnu okkar með einingakubbana til að auka ánægju barnanna af þeim.
- Skoða flestar aðstæður í leikskólastarfinu s.s. hvíld, starf í Straumi og Flæði og fl. staði með tilliti til biðtíma barnanna.
- Vinna að hugmyndum með starfsfólki hvernig endurvinnanlegur efniviður getur nýst í leik og starfi.